Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps
Bakki 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 10. febrúar 2020
Tilv.: SRN20010023/4.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2020-2023

Vísað er til bréfs eftirlitsnefndarinnar frá 20. nóvember sl. Eftirlitsnefndin hefur yfirfarið fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2020-2023 en þar koma fram áætlanir um jákvæðan viðsnúning í rekstri.

Í tölvupósti frá sveitarstjóra dags. 17. desember sl. segir að gert sé ráð fyrir rekstrarafgangi árin sem um ræðir. Djúpavogshreppur muni verða hluti af nýju sameinuðu sveitarfélagi í kjölfar kosninga sem fyrirhugaðar eru 18. apríl nk. og verður áætlun sveitarfélagsins að skoðast í því samhengi.

Niðurstaða eftirlitsnefndarinnar er að nefndin mun áfram fylgjast með framgangi sameiningar sveitarfélagsins við sveitarfélög á Austurlandi og óskar eftir móttöku á sameiginlegri fjárhagsáætlun sveitarfélaganna svo fljótt sem verða má.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Eiríkur Benónýsson